

## 114. Stjórnarfundur Byggðasafns Vestfjarða 12. apríl, 2021 kl. 12:00 í Faktorshúsi í Neðstakaupstað.

Viðstaddir eru: Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar, Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri Súðavíkur, Jóna Símonía Bjarnadóttir forstöðumaður og Finney Rakef Arnadóttir verkefnastjóri sem ritar fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Kaupin á Cesari

Kaup á bátalíkani Inga Bjössa af bátnum Cesari. Jóna Símonía mun semja við Inga Bjössa og kaupin fara á fjárhagsáætlun næsta árs.

#### 2. María Júlía

Jóna leggur fram gögn varðandi Maríu Júlíu (MJ). Þar á meðal: A. ástandsskoðun Ágústs Österby ásamt kostnaðaráætlun á sérblaði, B. drög af umboði og samstarfsyfirlýsingu Hollvinasamtaka MJ og Áhugafélags um rekstur MJ BA-36 og C. drög af samþykktum Hollvinasamtaka MJ.

Plön Hollvinasamtaka rædd. Hvenær í maí mun skipið fara? Hvert mun það fara og hver flytur það? Stjórnin vill tímalínu og það er ákveðið að boða forsvarsmenn Hollvinasamtakanna á fund sem fyrst eða í næstu viku til þess að fá afgerandi svör.

#### 3. Sumarplön og framtíðarhugmyndir um svæðið

Gerð grein fyrir sumarplönnum og ráðningum sem eru fyrirhugaðar í sumarstörf. Hugmyndir um framtíðarhorfur svæðisins reifaðar. Stjórn hefur áhuga á að taka þetta ár í undirbúning hvernig hægt er að sjá fyrir sér framtíð og möguleika svæðisins í Neðsta. Töluverðar aðstæðubreytingar hafa átt sér stað frá fyrri plönnum t.d varðandi fyrirhugaðar viðbyggingu á „Jónshúsi“ sem kallar á að hlutir séu hugsaðir upp á nýtt. Möguleiki um samkeppni og hvernig hægt væri að sjá fyrir sér Neðsta sem lokað afþreyingarsvæði.

Jón Páll yfirgaf fundinn 12:35

Fundi slitið 12:45